Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 15. október 2025
1510001/ÁÓ

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Efni: 1505001: Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu – fjárhagsáætlun 2026

Vísað er til eftirfarandi bókunar 615. fundar stjórnar SSH 6. október sl.:

> ***1505001 - Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu***
>
> *Fyrirliggjandi til kynningar er fjárhagsáætlun ársins 2026 vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu. Í framhaldinu verður hún send til aðildarsveitarfélaga SSH og Veitna vegna fjárhagsáætlanagerðar þeirra.*
>
> ***Niðurstaða fundar:***
> *Lagt fram til kynningar og vísað til fjárhagsáætlanagerðar sveitarfélaganna.*

Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu fyrir árið 2026, ásamt minnisblaði dags. 6. október 2025 þar sem gerð er nánari grein fyrir fjárhagsáætlun hópsins.

Í fjárhagsáætluninni kemur fram að heildarframlag sveitarfélaganna nemi 53.400.000 kr., þar af eru 26.100.000 kr. vegna reksturs og 27.300.000 kr. vegna nýfjárfestingar.

Áætlað er að greiðsluskipting vegna verkefna samráðshópsins á árinu 2026, verði eftirfarandi:

Greiðsluskipting v. reksturs				
Sveitarfélög /veitur	**Mannfjöldi 1. sept 2025**	**Hlutfall**	**2025 raun+áætlun**	**2026**
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	146,544	56.1%	(9,536,097)	(14,640,713)
1000 Kópavogsbær	41,458	15.9%	(2,697,807)	(4,141,928)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,775	1.8%	(310,725)	(477,054)
1300 Garðabær	21,055	8.1%	(1,370,118)	(2,103,533)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	33,200	12.7%	(2,160,432)	(3,316,899)
1604 Mosfellsbær	14,212	5.4%	(924,821)	(1,419,873)
Samtals v. reksturs	**261,244**	**100.0%**	**(17,000,000)**	**(26,100,000)**

Greiðsluskipting v. nýfjárfestingar				
Sveitarfélög /veitur	**Mannfjöldi 1. sept 2025**	**Hlutfall**	**2025 raun+áætlun**	**2026**
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	146,544	56.1%	(3,926,628)	(15,313,849)
1000 Kópavogsbær	41,458	15.9%	(1,110,862)	(4,332,361)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,775	1.8%	(127,946)	(498,988)
1300 Garðabær	21,055	8.1%	(564,166)	(2,200,248)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	33,200	12.7%	(889,590)	(3,469,400)
1604 Mosfellsbær	14,212	5.4%	(380,809)	(1,485,154)
Samtals v. nýfjárfestingar	**261,244**	**100.0%**	**(7,000,000)**	**(27,300,000)**

Afgreiðsla sveitarfélaga:
Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu fyrir árið 2026. Er þess óskað að tekið verði tillit til hennar í fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir árið 2026.

Sé frekari kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis sendar á netfangið ssh@ssh.is. Er þess jafnframt óskað að upplýsingar um afgreiðslu málsins berist á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Ásdís Ólafsdóttir

Ásdís Ólafsdóttir
sveðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Fylgigögn:

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu - Fjárhagsáætlun 2026.

Minnisblað - Fjárhagsáætlun samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu árið 2026, skýringar á kostnaðarliðum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026